Fundargerð

1256. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
13. febrúar 2020, kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Díana Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.**

* * *

**1. Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts – endurskoðun (2020021008)**

Bæjarráð samþykkir breytingu á 1. gr. reglna um styrki til greiðslna fasteignaskatts í samræmi við framkomnar tillögur. Bæjarlögmanni falið að uppfæra reglurnar. Margrét A. Sanders (D) situr hjá og óskar jafnfram eftir lista yfir þau félög sem gætu fallið undir breytingarnar. Gunnar Þórarinsson (Á) situr hjá.

**2. Hvað getum við gert? - Fjölmiðlaverkefni um loftslagsmál (2019120293)**

Bæjarráð tekur vel í erindið. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

**3. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga 31. janúar 2020 (2020021082)**

Fundargerðin lögð fram.

**4. Fundargerð Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 7. febrúar 2020 (2020021147)**

Fundargerðin lögð fram.

**5. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Langbest ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Keilisbraut 771 (2020010105)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið.

**6. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Kópa hótels ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki III að Tjarnarbraut 24 (2020010106)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið.

Bæjarráð samþykkir að taka eftirfarandi mál á dagskrá:

**7. Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), lögð fram á 150. löggjafarþingi, 2019–2020, 457. mál.** (2020010375)

Bæjarráð samþykkir drög að umsögn og felur Hilmu H. Sigurðardóttur, verkefnastjóra fjölmenningarmála að ganga frá málinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00